



Rauðseyingar

Rit þetta var tekið saman í tilefni af ættarmóti Rauðseyinga sem haldið var í Grundarfirði í júlí 2006.

Verkið unnu Sigurður Bergsveinsson og Guðmundur Oddur Magnússon og er því ætlað að miðla fróðleik um forfeður Rauðseyinga, líf þeirra og umhverfi. Safnað var saman myndum sem til voru hjá ættinni, þær skannaðar inn og birtast þær flestar hér.

Þessi útgáfa er örlítið aukin, glærur 30-32, 42, 55 og 106. sb. 2014.

Guðmundur Oddur hannaði merki ættarinnar í tilefni ættarmótsins 2006.



Rauðseyingar

Hvers vegna heitið Rauðseyingar?

- Skapar samkennd og tengir okkur fastar við ákveðna staðsetningu
- Auðveldar öðrum að staðsetja okkur og þekkja
- Hver hefur ekki fengið spurninguna, hvaðan úr Breiðafirði ertu?
Og lent í smá vanda að svara því
- Hefðum geta nefnt okkur t.d. Sviðnunga, Bjarneyinga, Svefneyinga, Hergilseyinga, Skáleyinga, Ólafseyinga, Fagureyinga, Akureyinga o.fl.
Sumt af ofangreindu er þegar frátekið
- Þekkt að nota slík heiti í Breiðafirði s.s. Hrafnseyingar, Brokeyingar, Öxneyingar, Svefneyingar, Fagureyingar o.fl.
- Gísli Bergsveinsson bjó í 6 eyjum í um 40 ár en þar af í 25 ár í Rauðseyjum og þar eru öll börn hans fædd
- Rauðseyingar - var ekki frátekið.
- Ákvörðun okkar G.Odds og SB

Hverjir eru Rauðseyingar?

Afkomendur Gísla, Jónu Sigríðar og Magðalenu Láru
Afkomendur Magnúsar Guðmundssonar,
fóstursonar GB og MLK

Smá tölfraði:

Ættliðir

	II	III	IV	V	VI	Samt.
Sigríður	1					1
Ingveldur	1	10	35	73	6	125
Lárus	1	4	10	26	0	41
Jóna	1	1	4	3	0	9
Svava	1					1
Kristinn	1	5	8	3	0	17
Bergsveinn	1	5	15	10	0	31
Svava	1	3	6	7	0	17
Kristjana	1	2	8	6	0	17
Magnús	1	6	14	2	0	23
	10	36	100	130	6	282

282

1989

Fjölgun

167

115

á 17 árum eða 5,4 á ári



SÖGUSVIÐIÐ



Gísli, Jóna og Magðalena

Ættforeldrar Rauðseyinga



For: Bergsveinn Ólafsson (Sviðnum) 1839-99
og Ingveldur Skúladóttir (Fagurey) 1843-1917
Bjuggu í Bænum í Bjarneyjum 1869-1899

Gísli fæddur í Bjarneyjum 13.7.1877
og elst þar upp. Býr með móður sinni í
Bjarneyjum 1899-1901



Guðmundur Pétursson (Skáleyjum) 1830-1887
og Sigríður Jónsdóttir (Reykh.h.r.) 1832-1909
Bjuggu í Bæ á Bæjarnesi Múlahr. og Runkhúsum og
Miðjanesi í Reykhólahreppi

Jóna Sigríður fædd á Miðjanesi 30.6.1867
og elst þar upp. Giftist Gísla 27.9.1901



Kristján Sveinsson (Skáleyjum) 1870-1960 og Kristjana
Jónsdóttir (Barðaströnd) 1863-1951
Bjuggu í Magnúsarbúð í Bjarneyjum 1899-1927

Magðalena Lára fædd í Sviðnum 13.11.1897
og elst upp í Bjarneyjum frá 1899
Giftist Gísla 24.7.1914
(líklega þó 1915, hjónavigsluvottorð Kristjáns X er dags.
14.7.1915)

Gísli Bergsveinsson

bóndi í Rauðseyjum og víðar

f. í Bjarneyjum 13. júlí 1877 -

d. í Ólafsey á Hvammsfirði 15. maí 1939

Gísli Bergsveinssyni er svo lýst af
Bergsveini Skúlasyni bróðursyni hans í
minningargrein:



Gísli ólst upp hjá foreldrun sínum í Bjarneyjum og varð snemma knár og bráðþroska. Hann var meðalmaður á hæð og samsvaraði sér vel á allan vöxt, stuttstígur og hraðstígur. Hann hafði í æsku svart hár og jarpt skegg, en hærðist nokkuð snemma, svo sem ættmenn hans margir. Svipurinn var hreinn og góðmannlegur og lék oft hlýtt og fallett bros um andlitið, þegar vel lá á honum og hann starfaði að því, sem hann hafði yndi af. Hann var örlyndur og skapstór, en að sama skapi fljótur til sátta. Ekki var hann talinn auðsæll eða búmaður meiri en í meðallagi, en komst þó sómasamlega af fyrir sig og sína; átti og jafnan fallett búfé og fór vel með það, og er slíkt meiri búmennska en almennt er viðurkent hér á landi. Hjálpsamur og gestrisinn var hann svo, að orð var á gert, en vegna þess að fjárhagurinn var lengst af þröngur, þá nutu þeir kostir sín ekki, svo sem annars hefði verið. Sjómaður var hann allgóður og einkar heppinn og laginn við allan veiðiskap, enda hóf hann ungur sjóferðir og formennsku. Reri meðal annars út undir Jökli vetur og vor og var formaður þar tvær vertíðir, ungur að aldri, og Bjarneyjum í nokkrar vertíðir

*Gísli, bóinn Bergsveini,
bezti formanns jafningi.*

Bænum frá um lýsulá,

Lætur ráar fljúga má

(Formannsvísur, úr Bjarneyjum haustið 1900, eftir Júlíus Sigurðsson, Litlani,
Breiðfirskar sagnir II, bls. 20)

Gísli var tvíkvæntur. Árið 1900 kvæntist hann Jónu Sigríði Guðmundsdóttur, frá Miðjanesi í Reykhólahreppi. Þau voru 9 ár í hjónabandi og eignuðust fjögur börn. Seinni kona Gísla var Magdalena Lára Kristjánsdóttir frá Bjarneyjum. Þau giftust árið 1914 og eignuðust 5 börn.

Gísli hóf búskap í Rauðseyjum árið 1903 og bjó þar lengst æfinnar, eða 24 ár. En árið 1927 flyzt hann í Akureyjar á Gilsfirði og þaðan aftur árið 1932 í Fagurey í Stykkishólmshreppi og bjó þar í fjögur ár. Lok kaupir hann, árið 1936, Ólafsey í Skógarstrandarhreppi, sem þá var í eyði, og bjó þar til dauðadags. Hann dó úr lungnabólgu 15. maí 1939.

Þetta eru helztu æviatriði Gísla Bergsveinssonar, og munu þau hvorki þykja mjög sérstæð né merkileg, því slík er búskaparsaga fjölmargra íslenskra bænda. Hann byrjar ungur og fævana búskap á leigujörð. Flyzt nokkrum sinnum búferlum. Fær meira en nóg af misjöfnum landsdrottnum og festir að síðustu kaup á lítillmetinni eyðijörð. Þar unir hann vel hag sínum og byrjar strax á húsabyggingum og öðrum umbótum. En þá er komið að leiðarlokum, svo að ekki verður frekar aðgert.





Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

húsfreyja í Rauðseyjum

f. 30.júní 1867 á Miðjanesi, Reykhólahrepp -
d. 16.jan. 1909 í Rauðseyjum

Jóna Sigríður, fyrri kona Gísla, hún lést af barnsförum
8 dögum eftir fæðingu Jónu dóttur sinnar árið 1909 þá
41 árs gömul.

Hún elst upp hjá foreldrum sínum á Miðjanesi.

Hún kom frá Skerðingsstöðum í Hvallátur 1898.
Þau Gísli ganga í hjónaband árið 1901 og búa í hús-
mennsku í Hvallátrum en hefja búskap í Rauðseyjum
árið 1903 og eignuðustu 4 börn, fyrsta barnið Sigríður
deyr 7 dögum eftir fæðingu.

Hún var tápmikil kona, svipgóð, greind og glaðvær,
ljós yfirlitum og fasprúð.



Magðalena Lára Kristjánsdóttir

húsfreyja í Rauðseyjum, Akureyjum, Fagurey, Ólafsey og Patreksfirði

f. 13. nóvember 1897 í Sviðnum – d. 23. apríl 2001 á Patreksfirði

Magðalena Lára, er síðari kona Gísla. Hún kemur til Gísla, sem þá er ekkjumaður með 3 börn í Rauðseyjar sem bústýra og giftist honum 1915, þá tæplega 18 ára. Vegna ungs aldurs Magðalenu þurftu þau að fá konunglegt leyfisbréf til að giftast

Þau búa síðan í Rauðseyjum til 1927 og þar fæðast þeim 5 börn, en fyrsta barnið Svava, deyr úr skarlatsótt í fangi móður sinnar í ársbyrjun 1920 rúmlega 3 ára. Þau flytja í Akureyjar 1927, í Fagurey 1932 og í Ólafsey 1936.

Eftir dauða Gísla 1939 býr Magðalena með styrk barna sinna áfram í Ólafsey til ársins 1941 er hún selur eyna og flyst til Patreksfjarðar ásamt dætrum sínum Svövu og Kristjönu.

Á Patreksfirði kynnist hún Péttri Guðmundssyni f. 1884, ekkjumanni með tvær ungar dætur (Veroniku –Veru– f. 1922 og Huldu f. 1925). Þau giftust árið 1944. Pétur lést árið 1974. Magðalena og Pétur bjuggu alla tíð í húsi, sem nefnt er „Steinninn“, sem stendur við Aðalstræti 23 og mun vera elsta steinhús á Patreksfirði. Foreldrar Magðalenu Láru bjuggu hjá þeim og Sesselju Sveinsínu systur Magðalenu á meðan þau bæði lifðu. Eftir lát Péturs bjó Magðalena Lára um skeið ein en keypti síðan með Svövu dóttur sinni íbúð við Túngötu á Patreksfirði og þar bjuggu þær mæðgur saman í um 15 ár. Síðustu æviárin dvaldi Magðalena Lára á Sjúkrahúsinu á Patreksfirði þar sem hún andaðist 23. apríl 2001. Hún lifði því á tvenn aldamót og var 103 ára og 6 mánaða gömul er hún lést 23.4.2001.

Magðalena var meðalkona á hæð, þéttvaxin. Hún var glaðsinna og blíðlynd, hjartahly og barngóð. Hún þurfti aldrei að æsa sig eða brýna róminn. Hún var stolt kona og vönd að virðingu sinni. Um leið var hún mjög víðsýn kona og umburðarlynd og hafði yndi af fallegum hlutum og heimili hennar var einstakt. Hún ræktaði blóm, sem gjarnan voru ilmandi rósir. Hún naut þess að borða góðan mat, eins og t.d. breiðfirska lúðu. Hún var mikil handverkskona, sérstaklega var hún fyrir finni handavinnu, eins og að hekla milliverk, blúndur og dúka.



Þeirra börn eru...

Ingveldur

f. 4.4.1904

d. 21.2.2005



Lárus Ágúst

f. 17.8.1905

d. 2.11.1990



Jóna Sigríður

f. 8.1.1909

d. 6.8.1999



Magnús

Benedikt

Guðni

Guðmundsson

fóstursonur frá 7 ára.

f. 11.8.1920

d. 28.7.2005



Kristinn
Breiðfjörð

f. 9.10.1919

d. 10.1.2004



Bergsveinn
Breiðfjörð

f. 22.6.1921

d. 26.7.2002



Svava

f. 11.9.1922

d. 16.12.1997



Kristjana

f. 23.1.1925





Börn Jónu Sigríðar og Gísla



Ingveldur
(Inga)
f. í Rauðseyjum
4. apríl, 1904



Lárus Ágúst
f. í Rauðseyjum
17. ágúst, 1905



Jóna Sigríður
f. í Rauðseyjum
8. jan. 1909

Fyrsta barn þeirra Sigríður fæðist í Hvallátrum 11. ágúst 1902 en það deyr vikugamalt.



Börn Magðalenu Láru og Gísla



Kristinn Breiðfjörð
(Ninni)
f. í Rauðseyjum
9. okt. 1919



Bergsveinn Breiðfjörð
(Beggi)
f. í Rauðseyjum
22. júní 1921



Svava
f. í Rauðseyjum
11. sept. 1922



Kristjana
(Didda)
f. í Rauðseyjum
23. jan. 1925

Fyrsta barn þeirra Svava fæddist 13. september 1915 í Rauðseyjum og deyr þar úr skarlatssótt 5 ára gömul í fangi móður sinnar þann 22. janúar 1920.



Fóstursonur Magðalenu og Gísla frá 7 ára aldri



Magnús Benedikt Guðni Guðmundsson
(Maggi)
f. í Stykkishólmi
11. ágúst 1920



Magnús var fyrstu ár sín hjá föðurafa sínum og ömmu Kristjáni Sveinssyni og Kristjönu í Bjarneyjum en frá 7 ára aldri hjá Gísla og Magðalenu þegar þau flytjast með barnahópinn í Akureyjar en þau voru öll á svipuðum aldri. Magðalena er dóttir Kristjáns og systir föður Magnúsar sem var Guðmundur Kristinn sem giftist svo Ingveldi dóttur Gísla. Magnús er því líka hálfbróðir barna Ingveldar og Guðmundar. Móðir Magnúsar hét Dagbjört Hannesína Andrésdóttir síðar húsfreyja í Sviðnum

Á 20. öld - frá 1901 til 2001 - bjó fjölskyldan í sex eyjum og á Patreksfirði



Bjarneyjum 1901,

Hvallátrum 1901-03,

Rauðseyjum 1903-27

Akureyjum 1927-32,

Fagurey 1932-36,


Ólafsey 1936-41,

Patró 1941-2001

Í Bjarneyjum til 1901

Gísli býr með móður sinni í Bjarneyjum frá 1899-1901

B j a r n e y j a f l ó i





Búðey um 1930

Frá vinstri: Magnúsarbúðarfjórður og hlaða, Magnúsarbúð. Magnúsarbúðar- og Miðbúðarvarir upp af Ingólfi Péturssyni, sem sést hér stýra Blika. Síðan Miðbúð og Skarðsbúð og svo húsið á Ystubúðarpartinum upp af Skarðsbúðinni. Hægra megin við húsið sjást tóftir af Benediktsbúð.

Ljós. Grómundur Hálfðánarson.

Bjarneyjar

Verstöð og forðabúr um aldir


Átta bændur.


Árið 1703 voru gerðir þaðan út 50 opnir bátar með allt að 230 manns innanborðs. Íbúar voru 85.

Árið 1847 eru gerðir út 10-12 bátar og íbúar eru um 75.


Árið 1900 eru 20 formenn í Bjarneyjum og er Gísli Bergsveinsson einn þeirra.

Bjarneyjar fara í eyði 1947





Búðey í Bjarneyjum 1930



Dóttursonur Sigurðar Sveinbjörnssonar, Ægir Jóhannsson, hefur gert uppdrátt af húsunum á Búðey í Bjarneyjum með eftirfarandi skýringum:

- | | |
|---------------------------|-----------------------------|
| 1. Grasskerssund. | 14. Snúruhóll. |
| 2. Innstubúðarvík. | 15. Nýibrunnur. |
| 3. Innstubúðargrund. | 16. Klettarnir. |
| 4. Innstubúðarklettur. | 17. Miðbúð. |
| 5. Innstubúðarvör. | 18. Miðbúðarvör. |
| 6. Magnúsarbúðarútiús. | 19. Miðbúðarbryggja. |
| 7. Magnúsarbúð. | 20. Miðbúðarflöt. |
| 8. Magnúsarbúðarhjallur. | 21. Miðbúðarklettur. |
| 9. Reiturrinn. | 22. Miðbúðarhjallur. |
| 10. Magnúsarbúðarklettur. | 23. Húsið (Ystabúð). |
| 11. Magnúsarbúðarbryggja. | 24. Krosshóll. |
| 12. Magnúsarbúðarvör. | 25. Benediktsbúð. |
| 13. Magnúsarbúðarflöt. | |

Búðey í Bjarneyjum 1957



I Hvallátrum frá 1901 -1903

Gísli og Jóna Sigríður giftast 1901 og búa í húsmennsku í Hvallátrum frá 1901 - 1903
Þar eignast þau sitt fyrsta barn Sigríði, 11. ágúst 1902. Hún dó sjö dögum síðar.







Hvallátur 1909. Hér kynnast Gísli og Jóna Sigríður tæpum 10 árum fyrr og hér fæðist fyrsta barn þeirra 1902. Lengst til vinstri er sjóarhús, geymsla fyrir segl og fleira. Skip og bátar eru í Látravör. Teinæringurinn Egill er með öll segl uppi og þar stendur Daníel Jónsson húsmaður í Látrum. Bærinn til vinstri er Ytribær Þórarins Þorlákssonar. Næst er timburhúsið sem Ólafur bróðir Gísla byggði og lengst til hægri er Innribær. Þar bjó Bergsveinn Jónsson og síðar Ólafur Bergsveinsson.

(Ljós. Haraldur Blöndal)



Hvallátur séð til norðausturs

Til vinstri við heimaeyjuna Nautey nær, Djúpey fjær. Akureyjar tvær einsog tangi áfastar heimaeynni lengra til hægri. Ofan heimaeyjar til vinstri eru Straumsker. Á móts við bæinn til hægri er Bæjarsund yfir í Látra-Tanga. Eyjarnar efst við hægri jaðar myndar eru Skáleyjar. Skálmarnes með Múlatöflu uppi á landi yst til vinstri. (mynd JKS júlí 1988)

Í Rauðseyjum frá 1903-1927 eða í 24 ár

All mikil þyrping eyja með Bæjarey (Rauðsey) nyrst og Beitarey sem stærst ögn suðvestar. Liggja undir Skarð á Skarðsströnd.

Leigugjald var 12 kg. af velhreinsuðum dún
(ca 700 hreiður) og 6 fjórðungar smjörs (ca 30 kg)

Þóttu nokkuð góð jörð, sléttlendur og grösugar.

Hlunnindi margvísleg s.s.

Æðarvarp dúnn,
Fugl (skarfur, lundi, svartfugl o.fl.),
Fiskur (þorskur, lúða, grásleppa o.fl.),
Selveiði (1 kópur var jafngildur lambi að
verðgildi) o.fl.

Bústofn Gísla hefur að öllum líkindum verið um
70 ær og 3 kýr .

3 bátar:

Skipið Sigurfari,
Flutningabáturinn Blíðfari og
Llitli bátur, sennilega 4 manna far.



Sv



Dúntekja og selveiði

Um aldamótin 1900 er dúntekja og selveiði í Flateyjarhrepp sem hér segir:

	Dúnn (pund)	%	Selveiði (haustkópar)
Bjarneyjar	40	5,8	4
Flatey	120	17,3	70
Hergilsey	140	20,1	
Svefneyjum	70	10,1	
Hvallátrum	140	20,1	
Skáleyjum	150	21,6	100
Sviðnum	35	5,0	40
Alls	695	100	214

Heimild: Saga Snæbjarnar í Hergilsey



Dokkin í Raudseyjum. Hásjávað. Til vinstri sér á Beitarey og skerið með vörðunni er Æðarsker. Til hægri sér fyrir kjallaraveggnum sem íbúðarhúsið stóð á. Við hafsbrún sér vestur í Skor. (mynd G.E 1988).



Fjölskyldan í Rauðseyjum í sept. 1924. Gísli með Bergsvein (3ára), Magðalena með Svövu (2ára) Kristinn (5ára) á milli. Ingveldur (20ára) og Jóna (15ára) standa til hliðar.

Bærinn í Rauðseyjum og heimilisfólk. Myndin er um 1923-5



Copi
Beggja Minni, Magna
Buddhi, Aslaug Svein


Alexander, Ebbena, Sigurður
Linnar, Gísli

Þorvaldur

Rauðseyjar.

Myndirnar sem eru fengnar úr bókinni, Kaldur á köflum, eru teknar af Ágúst Breiðdal Guðmundsson ljósmyndara í júní 1928 réttu ári eftir að Gísli og Magðalena flytja í Akureyjar.

Fróðleik um myndirnar má finna hér: <http://aegirjoh.wordpress.com/2013/03/24/116/>



Rauðseyjar (samsett).



Rauðseyjar. — Myndin er tekin nokkru eftir aldamót.

VÍSIR

Kemurvenjulega út kl. 11 árdegis sunnud.
þriðjud., miðvd., fimtud. og föstud.

25 blöðin frá 21. maí. kosta: Á skrifst. 50 a.
Send út um land 60 au. — Einst. blöð 3 a.

Afgr. á horninu á Hotel Island 1-3 og 5-7.
Óskað að fá augl. sem tímanlegast.

Föstud. 16. júní 1911.

Raddir

Stórbrunl. Verslunarhús Guðm. Jónassonar í Skarðsstöð brunnu til kaldra kola 12. þ. m. Sömuleiðis brann bryggja verslunarinnar alt í sjó fram.

Tjónið metið 34 þús. krónur. Vátrygð voru húsin í fjelaginu Paletine.



Skarðsstöð. — Verslunarhúsið, sem brann.





Dokkin í Rauðseyjum



Í Akureyjum 1927-32







Fjölskyldan í Akureyjum. Magnús Guðmundsson, Svava, Magðalena Lára Kristjánsdóttir, Kristjana, Kristinn Breiðfjörð, Gísli Bergsveinsson og Bergsveinn Breiðfjörð - Myndin er tekin um 1930 í Akureyjum.



Húsið í Akureyjum. Myndin er tekin 1967

Lárus Ágúst Gíslason 1929 - þegar faðir hans býr í Akureyjum



Lárus og Bryndís



Réttir á Skarðsströnd ca. 1932. Gísli Bergsveinsson ásamt Eyjólfri Bjarnasyni uppeldissyni, Ktistni og Bergsveini

Tíminn 16.janúar 1932

Jörð til ábúðar.

Drír fjórðu hlutar jarðarinnar Akureyjar í Skarðstrandarhreppi verður laus til ábúðar í næstkomandi fardögum.

Jörðinni fylgja íbúðarhús og venjuleg fénaðarhús.

Hlunnindi eru þar töluverð, dántekja og sela.


Að öllu samanlögðu mun jörð þessi vera meðal betri jarða landsins.

Lysthafendur snúi sér til Jóns Steingrímssonar sýslumanns í Stykkishólmi, er gefur allar frekari upplýsingar.

Ísafirði, 30. desember 1931.

Oddur Gíslason

Í Fagurey 1932-36







Bærinn í Fagurey





Fjölskyldan í Fagurey

Bústofninn veðsettur Kreppulánasjóði 17 ágúst 1934

Eg **Gísli Bergsveinsson, bóndi, Fagurey,
Stykkishólmshreppi í Snæfellsnessýslu.**

Geri kunnugt: Að eg hefi fengið að láni í Kreppulánasjóði í Reykjavík

2500—Kr.

-- Tvöþúsund og fimnhundrað krónur --

til skuldaskila skv. samningi gerðum í Reykjavík 17. ágúst 1934.

Mér ber að greiða lántökugjald 1% til varasjóðs nú þegar. Í vöxtu af láni þessu skuldbind eg mig til frá þessum degi að greiða 4 af hundruði á ári af lánsfjárhæðinni eins og hún er fyrir hvern gjalddaga. Höfuðstól lánsins skuldbind eg mig til að endurgreiða á næstu 40 árum, og er skyldur að greiða Kreppulánasjóði 15. nóv. ár hvert vöxtu og afborgun í einu lagi með jafri fjárhæð á hverjum gjalddaga, er samtals nemur **126 kr. 31 aur.** á ári. Þó er stjórn Kreppulánasjóða heimilt að gera mér að greiða lánið á skemmri tíma, ef hagar minn eða ástæður breytast þannig, að mér sé auðvelt að gera það.

Ef eg hefi ekki innan 31. des. greitt Kreppulánasjóði þá fjárhæð, er eg átti að lána 15. nóv. næst á undan, er allt lánið þegar fallið í gjalddaga án uppsagnar. Hið sama gildir og, ef veðið gengur svo úr sér, að það er ekki lengur fulltrýggilegt, eftir því sem ákveðið er, eða ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða öðrum afgjöldum, er ganga fyrir kröfu Kreppulánasjóðs. Ennfremur er stjórn Kreppulánasjóðs heimilt að segja upp láninu, ef eg breyti um atvinnuveg.

Samkvæmt 5. gr. laga um Kreppulánasjóð er skuld þessi forgangsskuld næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu sem í Ræktunarsjóði á hverjum tíma, og greiðist eftir sömu reglum sem fyrir er mælt í reglugerð hans.

Til tryggingar skulválegri og skaðlausri greiðslu á láni þessu, svo og þeim kostnaði, er leiða kann af vanskilum mínum og innheimtu lánsins, veðset eg hér með Kreppulánasjóði með veðrétti og uppforslurétti næst á eftir upphaflega

með öllu sem eign þessari fylgir og fylgja ber. Brunabótafjárhæðin er og innifalin í veðinu.

Eg lofa að annast um, að hinni veðsettu fasteign skuli haldið vel við.

Til ~~2500~~ tryggingar á láni þessu, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði, er stafa kann af vanskilum mínum, veðset eg hér með Kreppulánasjóði með 1. veðrétti búpening minn, sem hér segir:

3 kýr, 1 kálf, 1 naut, 70 ar, 2 hrúta, 15 gemlinga og 1 hest, allt í góðu standi, ennfremur 1 áttaríng, 1 skektu og búsnúld mín öll og innanstokkummi með endurbótum og viðaukum.

Samkvæmt 27. gr. reglugerðar um Kreppulánasjóð, 2. okt. 1933, ber mér að senda stjórn sjóðsins jafnhliða árgjaldinu af láninu vottorð hreppsþjóra um lausafjáreign mína og vottorð forðagæzlumanna um fódurbirgðir.

Þegar lánið er fallið í gjalddaga, er lánveitanda heimilt að láta gera fjárnám í hinni veðsettu fasteign, án undangengins dóms eða sáttar, samkv. 15. gr. laga 16. des. 1885, eða láta selja hana á uppboði, samkv. 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, sbr. lög um veð 4. nóv. 1887. Ef til sölu veðsins kemur, má uppboð á hinni veðsettu eign fara fram í skrifstofu uppboðshaldara, ef stjórn Kreppulánasjóðs óskar þess.

Af veðskuldabréfi þessu eru gerð og undirrituð tvö samrit, og má þinglesa það á minn kostnað, án þess að eg sé til kvaddur.

Til staðfestu nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja volta.

Reykjavík,

með öllu sem eign þessari fylgir og fylgja ber. Brunabótafjárhæðin er og innifalin í veðinu.

Eg lofa að annast um, að hinni veðsettu fasteign skuli haldið vel við.

Til þessari tryggingar á láni þessu, ásamt vöxtum og öðrum kostnaði, er stafa kann af vanskilum mínum, veðset eg hér með **Kreppulánasjóði** með 1. veðrétti búpening minn, sem hér segir:

3 kýr, 1 kálf, 1 naut, 70 ær, 2 hrúta, 15 genlinga og 1 hest, allt í góðu standi, ennfreður 1 áttæring, 1 skektu og búsaðöld mín öll og innanstokkemuni með endurbótum og viðaukum.

Samkvæmt 27. gr. reglugerðar um Kreppulánasjóð, 2. okt. 1933, ber mér að senda stjórn sjóðsins jafnhliða árgjaldinu af láninu vottorð hreppstjóra um lausafjáreign mína og vottorð forðagæzlumanna um fóðurbirgðir.

Þegar lánið er fallið í gjalddaga, er lánveitanda heimilt að láta gera fjárnám í hinni veðsettu fasteign, án undangengins dóms eða sáttar, samkv. 15. gr. laga 16. des. 1885, eða láta selja hana á uppboði, samkv. 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, sbr. lög um veð 4. nóv. 1887. Ef til sölu veðsins kemur, má uppboð á hinni veðsettu eign fara fram í skrifstofu uppboðshaldara, ef stjórn Kreppulánasjóðs óskar þess.

Af veðskuldabréfi þessu eru gerð og undirrituð tvö samrit, og má þinglesa það á minn kostnað, án þess að eg sé til kvaddur.

Til staðfestu nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja votta.

Reykjavík,

Vitundarvottar:



Systkinin í Fagurey 1934. Kristinn, Svava, (ekki er ljóst hver er ljósið í miðjunni) Kristjana og Bergsveinn



Líklega er ljósið komið fram. Magnús Guðmundsson ásamt Diddu (Kristjönu)



Bergsveinn á rauðri meri í Fagurey



Didda gefur hænum í Fagurey



GB og flölskylda í Fagurey 1934 ásamt gestum úr Rúfeyjum, Margrét Magnúsd., Jóhanna Þorláksd., Sigurbjörg Ebenesersd. og önnur d. Margrétar.

Við undirritaðir, jeg Eggert Eggertsson frá Bíldsey sem leigusali
og jeg Gísli Bergsveinsson bóndi í Fagurey sem leigutaki gerum með oss svo-
felldan

L E I G U S A M N I N G :

Jeg Eggert Eggertsson leigji Gísla Bergsveinssyni eignarjarðir mínar
Bíldsey og hálfa Skjaldarey í Stykkishólmshreppi til slagna og beitar ~~næst~~
fardagárið 1932 til 1933. Undanskil~~la~~ leigunni er æðarvarp jarðanna og
hús öll á þeim.

Jeg Gísli Bergsveinsson lofa að greiða fyrir jarðarafnot þessi sem
hjer segir:

Jeg tek að mjer að fóðra 40 - fjörutíu - ár fyrir Eggert Eggertsson.
Ennfremur lofa jeg að greiða öll opinber gjöld og skatta af Bíldsey og hálfri
Skjaldarey

Vottar:


Stykkishólmi 4. Júní 1932

Olefu Jónsson
Anna Magnúsdóttir

Eggert Eggertsson
(leigusali)

Gísli Bergsveinsson
(leigutaki)

A map of the western Mediterranean region, showing the coastlines of North Africa, the Iberian Peninsula, and the Balearic Islands. A black rectangular box highlights the study area in the Gulf of Valencia, located between the Iberian Peninsula and the Balearic Islands.







Húsið í Ólafsey, byggt 1936, er í dag við Tangagötu í Stykkishólmi.





Krókavör, lendingin í Ólafsey, Halkjón við bryggju og Stjebrölt. Gísli B. og Kristján Guðmundssynir



Í Ólafsey, Kristján Sveinsson með byssu og aflla, Gísli Briem, á tröppunum standa sennilega SE úr Gvendareyjum og GB Ólafsey o.fl.



Ólafsey 1938. Svava með heimanlingin Hring.



Í Ólafsey 1938, Kristinn, Kristjana, Magðalena, Guðmundur Nikulásson (var í 40 ár hjá GB og fjölsk. Síðustu árin blindur), Ingveldur, Svava, Didda, Gísli, Kristján og Gísli B fyrir framan, (Guðmundur Kristjánsson tók myndina)

*Ólafsey 1938,
Gísli við heyskap,
síðasta sumarið
sem hann lifði.*



*Svava, Ingveldur,
Didda, Gísli í baksýn.*



Magðalena Lára og Svava í Ólafsey ca 1940



Ólafsey 1941, Svava og Didda og Kristján Sveinsson með dætrum Ingjalds sem kaupir Ólafsey af Magðalenu 1941



Heyflutningar





Svava og SE í Gvendareyjum



Silla og Didda bera hey í Skákarey



Skrifborð Gísla



Skápur úr Ólafsey

Sigurfari



Þennan bát smíðaði Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum fyrir bróður sinn Gísla Bergsveinsson bónda í Rauðseyjum árið 1901 eða 1902. Gísli átti bátinn öll sín búskaparár, en hann andaðist í Ólafsey 1939.

Báturinn var stór sexræðingur, þrjár árar á borð. Var hann kallaður Sigríður meðan hann var árabátur, en 1929 er sett vél í bátinn, það var 6 hestafla Kelvin. Þá er nafni bátsins breytt og hann kallaður Sigurfari. Þegar vélin var sett í bátinn þurfti að setja í hann þykkara afturstefni, það smíðaði Ebeneser Þorláksson frá Rúgeyjum.


Árið 1938 um haustið er farið á bátnum vestur í Hvallátur til Valdimars Ólafssonar (Bergsveinssonar) sem smíðar bátinn upp að miklu leiti og breytir lagi hans, gerir hann viðtakameiri á skutinn og hækkar hann um tvö umför. Umgjörðin sem Valdimar smíðaði var gjörbreytt frá fyrri umgjörð; hann setti borðstokkinn innan á böndin og borð ofan á hann sem nær út á Kempuna. Ofan á borðið kemur svo Hástokkurinn. Þetta lag á umgjörð mun vera hannað af Valdemar og hef ég ekki séð það á öðrum bátum nema þeim sem hann hefur smíðað eða lærlingar hans. Barkinn og framhluti bátsins aftur á miðsiður hélt sínu fyrra lagi.

Nokkru eftir 1950 er báturinn smíðaður upp, botninn og framhlutinn. Er þá skipt um byrðing og bönd sem skilin voru eftir þegar honum var breytt 1938. Þessa viðgerð framkvæmdi Aðalsteinn Aðalsteinsson (Ólafssonar Bergsveinssonar) í Hvallátrum.

Þrátt fyrir þessar viðgerðir er enn í bátnum tveir kaflar í þriðja umfari í barkanum frá fyrstu smíði.

Sigurfari hefur verið í eigu erfingja og afkomenda Gísla Bergsveinssonar frá andláti hans 1939.

Teikning sem sýnir þversnið af umgjörð Valdemars Ólafssonar á Sigurfara.



Bergsveinn Breiðfjörð Gíslason
18. október 1994



Málverk Bergsveins af Sigurfara á siglingu í Steinsund. Horft til Ólafseyjar úr NV.

Sigurfari 1901-2001



Á Patreksfirði frá 1941









Magga og Pétur



Patreksfirðingar taka á móti forseta Íslands Ásgeiri Ásgeirssyni. Pétur heilsar forseta. Ingveldur í forsetaveislunni.

Systkini á efri árum...



1984 Ingveldur 80 ára



1987 Magďalena 90  ra





1989 Ættarmót á Skildi





1992 Svava 70 ára

Forfeður Rauðseyinga

Nokkrar skyndimyndir

Smiður góður

*Bergsveinn Ólafsson, Bjarneyjum (1839-1899) og
Ingveldur Skúladóttir (1843-1916) af ætt Fagureyinga*

Ógleymanlegur öllum er honum kynntust

Kristján Sveinsson, Bjarneyjum (1870-1960)

Lipurmenni og kvennamaður

Sveinn Pétursson, Skáleyjum (1848-1939)

Furðu hagur er hann

Ólafur Teitsson, Sviðnum (1810 – 1892)

Frænkur tvær – ólíkur uppvöxtur

*Björg Eyjólfsdóttir, Sviðnum (1815-1899)
Kristín Magnúsdóttir, Bjarneyjum (1836-1924)*

Bræður tveir

*Eyjólfur “eyjajarl” Einarsson, alþingismaður Hvallátrum (1784-1865)
Magnús Einarsson, Skáleyjum, barnsfaðir 5 kvenna (1795-1876)
Barnsmóðir af Hergilseyjarætt: Steinunn Einarsdóttir (1813-1848)*

Héraðshöfðingi við Ísafjarðardjúp

Ari í Ögri Magnússon, sýslumaður, (1571-1652)

Aðlaður af Kristjáni I

*Björn Þorleifsson, hirðsstjóri og riddari á Skarði á
Skarðsströnd (1408-1467)*

Frumkvöðull prentunar á Íslandi

Guðbrandur Þorláksson, biskup

Sagnaritari í Fagurey

Sturla Þórðarson



Smiður góður

Ingveldur Skúladóttir

húsfreyja í Bjarnareyjum

f. 1. júlí 1843 í Fagurey í Helgafellssveit -
d. 22. des. 1916 í Skáleyjum



Bergsveinn Ólafsson

bóndi og smiður í Bjarneyjum

f. 23. sept. 1839 í Sviðnum, - d. 7. mars 1899

Bergsveinn faðir Gísla var í herra lagi, þrekinn og riðvaxinn. Hreyfingar limaburður og göngulag þyngslalegt og ekki fagurt, gat þó verið snar og viðbragðsfljótur. Hversdagsgefur að jafnaði, var þó bráðlyndur og gat verið laus höndin ef hann var við öl. Andlitið var frítt, nokkuð breitt, ennið breitt, fullur að vöngum og alskeggjaður, ekki munnfríður en brosið hýrt og var þá sem birti yfir öllu andlitinu. Lítt var hann hirðusamur um klæðaburð en heimilishirða góð. Engin athafnamaður við landbúskap, enda krafðist ábýlið þess ekki. Hann var sjómaður góður og aðdráttarmikill. Bátasmiður ágætur, hafði vanist þeim smíðum hjá föður sínum. Hann mun hafa smíðað bát á hverju búskaparári sínu og stundum marga, auk viðgerða. Jafnan var hann fátækur en vel sjálfbjarga, þó ómegð væri mikil.

Bergsveinn dvaldist í foreldrahúsum í Sviðnum fram yfir tvítugsaldurinn. Árið 1864 varð hann ráðsmaður á Skarði á Skarðsströnd, kom þangað norðan úr Strandasýslu, kynntist þar og kvæntist Ingveldi. Árið 1867 eða 1868 fluttu þau frá Skarði, fyrst í Sviðnum, en 1869 hófu þau búskap í Bjarneyjum og bjuggu þar til þess er Bergsveinn drukknaði á heimleið frá Stykkishólmi árið 1897. Þeir voru fjórir saman í bátnum og fórust allir. Dimmviðri var og hvasst af suðaustri.

Ingveldur móðir Gísla var í meðallagi fríð kona, há og grönn, yfirvipur hreinn og góðlegur, varir þunnar og festulegar. Þau Bergsveinn áttu saman 13 börn og var Gísli sá níundi í röðinni. Eftir lát Bergsveins fór hún í Hvallátur til Gísla sonar þeirra, en síðar til Skúla sonar þeirra í Skáleyjum og dó þar. Foreldrar hennar voru Skúli Jónsson, bóndi í Fagurey, síðar í Hallsbæ á Hellisssandi f. 1812 í Suðurbúð í Eyrarsveit. Kona hans og móðir Ingveldar var Guðrún Hannesdóttir f. 1820 í Knarrarhöfn, Hvammshreppi Dalasýslu



(ekki er til mynd af Bergsveini)



Börn Bergsveins Ólafssonar og Ingveldar í Bjarneyjum



*Ingibjörg
Magðalena,
1866-1943,
húsfreyja
í Bjarneyjum
og Fagurey*



*Valdemar,
1872-1900,
bóndi og
formaður
í Bjarneyjum*



*Glísl,
1877-1939,
bóndi og
formaður
í Raudseyjum o.v.*



*Ólafur Aðalsteinn, 1867-1939,
bóndi og smiður í Hvallátrum*



*Ebeneser, 1879-1962,
trésmiður í Reykjavík*



*Jóhann, 1883-1920,
Skipstjóri á Ísafirði*



*Börn er þau misstu:
Guðmundur Valdemar, 1870-71
Björg Efemía, 1873-73
Lárus Ágúst, 1874-98
Ebeneser, 1875-77
Jón, 1882-82*

Skúli, 1869-1944, bóndi í Hvallátrum, Skáleyjum, Svefneyjum og Ögri.



Þessi glæsilega smíði Bergsveins Ólafssonar er á Minjasafninu að Hnjóti við Örlygshöfn

Sexæringur frá Bjarneyjum, Breiðafirði.

Smíðaður í Bjarneyjum árið 1882, af Bergsveini Ólafssyni bónda og skipasmiði.

Eigendur hafa verið: Stefán Stefánsson Bjarneyjum, Sveinn Jónsson Skáleyjum og Jón Einar Jónsson bóndi Skálanesi.

Bátinum var róið frá eftirtöldum verstöðum: Bjarneyjum, Aldbjarnarskeri, Brunnum og Kollsvík.

Báturinn þótti góður sjóbátur og afburða siglari. Hann var inni gaffalseglum frá upphafi og er afturmastrið upprunalega mastrið. Gunnar Guðmundsson Skjaldvararfossi gerði við bátinn: Efstaumfar, þóftur og segl.

Í eigu Sveins Jónssonar frá Skáleyjum, hét báturinn Gola.

Ógleymanlegur öllum er
honum kynntist

Kristján Sveinsson
Bjarneyjum (1870-1960)



Kristján Sveinsson hirtir ungan pilt í fjörunni á Vatnseyri.



Kristján Sveinsson bóndi í Bjarneyjum 1899-1927

f. í Skáleyjum 25. sept 1870 - d. 22.okt 1960 á Patreksfirði

Kristján Sveinsson ólst upp í Skáleyjum hjá Sesselju ömmu sinni og seinni manni hennar Sveinbirni Magnússyni sem jafnframt var móðurbróðir hans. Þar var móðir hans einnig. Á barnsaldri fékk hann hnjámein og bar menjar þess æ síðan. Fóturinn var styttri, hálfvisinn og krepptur, varð honum þó minni hindrun en líkur stóðu til. Hann var vinnumaður í Hergilsey, er þau Kristjana giftust, en hún vinnukona í Svefneyjum. Þau voru svo bæði í vinnu-mennsku í Hergilsey í fyrstu en síðan í húsmennsku í Sviðnum. Þar voru þau 1897 en fengu síðan byggðan Magnúsarbúðarpartinn í Bjarneyjum og þangað voru þau flutt fyrir 1900. Þótt Kristján gerðist bóndi, var hann á engan hátt hneigður né laginn til bústarfa. Sjávargagnid var aðalskilyrðið til lífsbjargar og þar var Kristján á réttri hillu. Hann var laginn, ötull og óvilsamur sjómaður, mesta veiðikló, hvort heldur með færi eða byssu. Jafnan var hann fátækur, en vel sjálfbjarga og ól upp fleiri börn en sín eigin. Það sem einkenndi Kristjan framar öðru, var síkvikt geislandi fjör. Allir erfiðleikar voru honum víðsfjarri, stöðug glettni á vörum og í látbragði, vökul augu fyrir öllu kátbroselegu voru fylginautar hans. Hann var því aufúsgestur hvar sem hann kom. Hann tók þátt í allri gleði nema dansi. Hann var prýðilega greindur, velvirkur og hirðusamur og búhagur vel. Meðalmaður á allan vöxt og fríður sýnum. Góðleikinn í svipnum var mest áberandi. Á efri árum sást helst ekki annað af andlitinu en brosið og skeggið, sem oft var mikið og sítt og fór vel.



Kristjana Jónsdóttir húsfreyja í Bjarneyjum

*f. 5. júlí 1863 á Neðra Vaðli, Barðastrandahr., V-Barð. -
d. 21. júlí 1951 á Vatneyri á Patreksfirði.*

Kristjana kona Kristjáns Sveinssonar og móðir Guðmundar og Magðalenu og þeirra Kristínar, Sesselju, Konkordíu og Jófríðar Ingibjargar Jónu ólst upp hjá foreldrum sínum á Vaðli og Fossá. Hún kom þaðan til Flateyjar árið 1886. Hún var stór vexti, ekki smáfríð en skörugleg. Hamhleypa til allra verka á sjó eða landi. Forstandskona, sem fór vel með, og réði því sem hún vildi ráða, án þess að bera bónda sinn ráðum. Hún var geðrík, án þess að vera svarkur, og það kom fyrir að aðsópsmiklir karlmenn glúpnuðu og fóru ekki lengra en henni þótti hæfa, enda var hún greind vel og meinhög í orði, en óupplýst að öllu, sem þá var títt með flestar alþýðukonur, þar varð brjóstvitið að nægja. Bæði voru þau hjón höfðinglynd, gestrisin og hjálpfús. Þau hættu formlegum búskap í Bjarneyjum 1927 og Kristján fór hluta úr ári til Patreksfjarðar en Kristjana flytur ekki úr eyjunum fyrr en 1941.





*Kristján og
Kristjana
um aldamótin 1900*



Börn Kristjönu og Kristjáns



Kristín Kristjánsdóttir
(f. í Hergilsey 1894 - 1918)



Sesselja Sveinsína Kristjánsdóttir
(f. í Sviðnum 1896 - d. 1977)



Magðalena Lára Kristjánsdóttir
(f. í Sviðnum 1897 - d. 2001)





Guðmundur Kristinn Kristjánsson
(f. í Bjarneyjum 1900 - d. 1959)



Jófríður Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir
(f. í Bjarneyjum 1904 - d. 1963)

Konkordia Kristjánsdóttir
(f. í Bjarneyjum 1902 - d. 1902)






Kristján Sveinsson með einn grip eftir sig.



*Líkan af Breiðfirskum sexæringi eftir Kristján Sveinsson
í eigu Guðmundar Jónasar en Kristján er langafi Guðmundar.*



Kristján Sveinsson 1918






Kristín Magnúsdóttir

f. í Skáleyjum 22. febr. 1836 -
d. 11. janúar 1924 í Bjarneyjum

Kristín móðir Kristjáns var kona lág vexti og nettríð í æsku, en þjáðist af hvarmabólgu, varð því rauðeygð til lýta með aldri. Greind vel sem hún átti kyn til og nærfærinna við sjúka og sængurkonur. Hún giftist ekki. Kristín var skamma hríð með foreldrum sínum í Skáleyjum. Faðir hennar kvæntist aftur Steinunni Guðbrandssdóttir í Hvallátrum og flutti þangað. Steinunn varð þá vinnukona í Hergilsey hjá Snæbirni bónda þar Gíslasyni og þar ólst Kristín upp með henni í fyrstu. Síðar eftir að móðir hennar giftist og fluttist uppá Barðaströnd, fór hún til Sveinbjarnar bróður síns í Skáleyjum. Hún var svo vinnukona í Hergilsey 1855 og fór þaðan 1857 til Ísafjarðar 21árs gömul. Þar var hún í nokkur ár, sjálfrar sín, að því er virðist.

Því húskona er hún þar kölluð á manntali 1860. Hún kom svo aftur til Sveinbjarnar í Skáleyjar og þar var hún 1870 þegar hún á Kristján. Á Ísafirði hafði hún átt tvo syni. Annar þeirra sá eldri Jón Octovínus (faðir: Bjarni Bjarnason skip-herra á Ísafirði) dó ungur en þann yngri Jóhann Valdimar (faðir: Guðmundur Þorkelsson úr Grunnavíkurbhr. lausa-maður á Ísafirði) hafði hún með sér í Skáleyjar og ólst hann þar upp með henni. Hann dó þar stálpaður (32ára). Hún var í fyrstu vinnukona hjá Sveinbirni, en síðar húskona þar. Kristín fluttist síðar til Kristjáns sonar síns í Bjarneyjum og var hjá honum til dauðadags

Lipurmenni og kvennamaður Sveinn Pétursson, Skáleyjum (1848-1939)



f. í Hvallátrum 17. apríl 1848 -
d. í Gufudal 7. nóvember 1939

Sveinn er faðir Kristjáns. Sesselja móðir Sveins var ógift í foreldrahúsum þegar hún átti hann. Pétur faðir hans hafði verið vinnumaður hjá foreldrum hennar. Sesselja giftist Andréssi Andræssyni bónda í Flatey skömmu síðar og ólst Sveinn upp hjá þeim í Flatey í fyrstu og fylgdi svo móður sinni í Skáleyjar en hún giftist enn síðar Sveinbirni Magnússyni bónda í Skáleyjum. Hann var bráðþroska, ötull og hraustur, prúður og orðvar, en ófyrirleitinn í athöfnum svo að orð fór af. Margar sögur eru til af strákapörum Sveins.

Hann á Kristján með Kristínu Magnúsdóttir í Skáleyjum, systur Sveinbjarnar stjúpfa hans. Árið 1875 fór Sveinn vestur að Ísafjarðardjúpi og settist þar að, var um skeið vinnumaður hjá Sumarliða Sumarliðasyni í Æðey. Þar kynnist hann og kvæntist Pálinu Tómasdóttir. Þau reyndu búskap á Snæfjallaströnd en enda í húsmennsku í Skáleyjum. Sveinn var jafnan fátækur, en sjálfbjarga. Heimilið var þungt en hann var grípamaður til allra verka hvort heldur á sjó eða landi, aðdráttarmikill til heimilis, aflakló, bæði með færi og byssu, enda annáluð skytta, sleppti aldrei færi til fanga og lá aldrei lengur á koddanum en eðlileg þörf krafði. Hann var gleðimaður, en hófsamur um nautnir, var þó kvenhollur og serstakt yndi hafði hann af því að spila.



Börn Sveins Péturssonar



Kristján Sveinsson

f. í Skáleyjum 25.sept 1870

bóndi í Bjarnareyjum

Móðir: Kristín Magnúsdóttir



María Albertína Sveinsdóttir


f. í Æðey 11. okt 1880

d. 28. júlí 1970

húsfreyja í Skálanesi,

Gufudalshrepp o.v.

Móðir: Pálína Tómasdóttir



Guðmundur Sveinsson

f. í Æðey 27. júní 1884 d.1967

Bóndi á Flateyri við Reyðarfjörð

(Álverið stendur í landi Flateyrar)

Móðir: Pálína Tómasdóttir



Þorbjörn Sveinsson

1888-1966

Húsmaður í Skáleyjum o.v.

Móðir: Pálína Tómasdóttir



Pétur Sveinsson

1891-1973

Húsmaður í Rauðseyjum

hjá Gísla og Magðalenu

Móðir: Pálína Tómasdóttir



Guðbrandur Sveinsson

f. 28. febr. 1892 á Kletti

Gufudalshrepp. A-Barð.

d. 25. júlí 1908, 16. ára gamall

Móðir: Helga Dórðardóttir, Flatey

Frænkurnar Kristín Petrea (í Gufudal, 1894-2000) Sveinsdóttir Péturssonar og bróðurdóttir hennar, Magðalena Lára (1897-2001) Kristjánsdóttir Sveinssonar Péturssonar eru númer 3 og 12 á listanum yfir elstu Vestfirðingana árið 2013.

María Magdalena (1859-1965) Andrésdóttir sem er númer 4 á listanum var hálsystir Sveins Péturssonar og því föðursystir Kristínar Petreu og afasystir Magðalenu Láru.



Torfhildur Torfadóttir
107 ára



Guðrún Jónsdóttir
106 ára



Kristín P. Sveinsdóttir
106 ára



María M. Andrésdóttir
106 ára



Kristín Guðmundsdóttir
105 ára

Elstu Vestfirðingarnir

Íslendingametlið er 109 ár og 310 dagar (Guðrún Björnsdóttir, Kanada)

Íslandsmetlið er 109 ár og 69 dagar (Sólveig Pálsdóttir, Hornafirði)

Torfhildur Torfadóttir	Ísafirði	f. 24.05.1904 í Strandasýslu	d. 22.08.2011	107 ára og 90 daga
Guðrún Jónsdóttir	Hafnarfirði	f. 09.08.1906 í V-Ísafjarðarsýslu		106 ára
Kristín Petrea Sveinsdóttir	Reykjavík	f. 24.08.1894 í A-Barðastrandars.	d. 18.11.2000	106 ára og 86 daga
María M. Andrésdóttir	Stykkishólmi	f. 22.07.1859 í A-Barðastrandars.	d. 03.09.1965	106 ára og 43 daga
Kristín Guðmundsdóttir	Hafnarfirði	f. 11.05.1902 í Strandasýslu	d. 08.01.2008	105 ára og 242 daga
Puríður Samúelsdóttir	Reykjavík	f. 19.06.1903 í Strandasýslu	d. 02.08.2008	105 ára og 44 daga
Rósa Blöndal	Reykjavík	f. 09.10.1906 í V-Ísafjarðarsýslu	d. 20.07.2011	104 ára og 284 daga
Kristján Jónsson	Kópavogi	f. 22.04.1908 í N-Ísafjarðarsýslu	d. 16.10.2012	104 ára og 177 daga
Sigurður Magnússon	Stykkishólmi	f. 03.04.1880 á Ísafirði	d. 07.05.1984	104 ára og 34 daga
Ágúst Benediktsson	Hafnarfirði	f. 11.08.1900 í Strandasýslu	d. 02.04.2004	103 ára og 234 daga
Rósa Kristmundsdóttir	Akranesi	f. 25.09.1898 í Strandasýslu	d. 04.02.2002	103 ára og 191 dags
Magðalena Kristjánsdóttir	Patreksfirði	f. 13.11.1897 í A-Barðastrandars.	d. 23.04.2001	103 ára og 161 dags
Jensína Andrésdóttir	Reykjavík	f. 10.11.1909 í A-Barðastrandars.		103 ára
Hólmfríður Guðjónsdóttir	Reykjavík	f. 19.07.1907 á Ísafirði	d. 02.09.2010	103 ára og 45 daga
Sigurlaug Magnúsdóttir	Reykjavík	f. 24.02.1886 í N-Ísafjarðarsýslu	d. 01.04.1989	103 ára og 36 daga
Herdís Albertsdóttir	Ísafirði	f. 19.11.1908 á Ísafirði	d. 24.12.2011	103 ára og 35 daga
Rakel Sigurðardóttir	V-Ísafjarðarsýslu	f. 26.09.1853 í N-Ísafjarðarsýslu	d. 26.10.1956	103 ára og 30 daga


Guðrún Jónsdóttir fæddist á Auðkúlu í Arnarfirði.

Jensína Andrésdóttir fæddist á Þórisstöðum í Gufudalshreppi.

Jónas Ragnarsson tók saman fyrir Reykshólafeðinn, 05.01.2013.



Kristín Petrea Sveinsdóttir
1894-2000



Sveinn með Svandísi Nönnu, f. í Rauðseyjum 1925 dóttur Péturs Sveinssonar



Sveinn Pétursson
í Flatey á fjórða
áratugnum

(ljósm. Viktor Guðnason)

Furðu hagur er hann

Björg Eyjólfsdóttir, húsfreyja í Sviðnum

f. 30. mars 1815 í Svegnum - d. 12. mars 1899 í Sviðnum



Björg móðir Bergsveins og amma Gísla ólst upp hjá foreldrum sínum í Svegnum. Hún var fríð kona, sem hún átti kyn til, þrúð og hæg, líktist þar móður sinni, en skörungur ef því var að skipta, leitaði þá ekki ávallt ráða bónda síns, ef hún hafði hugboð um að hann mundi verða á öndverðum meiði. Kunnugir þóttust vita að aldrei hefði verið verulega ástúðlegt milli þeirra feðga, Bergsveins og föður hans, einkum eftir að Bergsveinn fór að búa í Bjarneyjum. Upplag þeirra mun hafa verið allólíkt. Bergsveini brá um sumt

meira í ætt Svegninga en gamla manningnum þótti þörf á. En Bergsveinn var alla ævi augasteinn Bjargar móður sinnar. Hét og eftir móðurbróður hennar, er ungur fyrst með sviplegum hætti nemandi í Bessastaðaskóla.

Björg er sögð hafa verið lítil vexti, vel limuð og andlitsfríð, eins og fleiri Svegningar. Hógvær að skaplyndi, notaleg húsmóðir og öllum góð, en engin skörungur hversdagslega. Var þó örög að taka ákvarðanir ef svo bar undir og kom þá sínu fram.

Ólafur Teitsson, bóndi í Sviðnum

f. 17. október 1810 Kinnarstöðum í Reykhólasveit
d. 19. ágúst 1892

Ólafur faðir Bergsveins og afi Gísla var meðal allra stærstu manna. Hann mun hafa verið röskar þrjár álnir á hæð og þrekinn að því skapi. Axlasiginn nokkuð, lotinn í herðum og útlímastór. Andlitið stórskorið og toginnleitt, en svipurinn hýr og góðmannlegur, bros sem oft lék um andlit hans óvenju fallegt. Sköllóttur snemma. Hægur og stilltur í framgöngu, en viðmótið hlýtt og notalegt. Rammur að afli. Fátalaður venjulega, ómannblendinn og afskiptalítill um annara hagi, en vildi vera sér um sitt. Tók lítt ráðleggingum annara manna. Yfirleitt var það látið í veðri vaka, að hann bindi ekki bagga síns sömu hnútum og samferðamennirnir. Mynduðust því hálfgerðar þjóðsögur um hann í lifandi lífi. – Þykir útlit Ólafs og skapgerð nokkuð hafa gengið í arf til afkomenda hans. Þó hef ég engan séð, sem náð hefur vexti hans né því afli, sem sagt er að hann byggi yfir.





Börn Bjargar og Ólafs Teitssonar í Sviðnum



Bergsveinn
bóndi og smiður í
Bjarneyjum
f. 23. sept. 1839 í Sviðnum,
- d. 7. mars 1899



Erlendur
f. í Sviðnum
5. mars 1841
d. þar 1848, 7 ára



Guðrún
1842-1870
var vinnukona
í Svefneyjum
þegar hun deyð 28 ára



Sigríður
húsfreyja,
Vatnsdal í Patreksfirði
f. 10. des. 1844. d. 1929



Halldóra
húsfreyja
Lambavatni
Rauðasandi
f. 1845 d. 1905



Jóhanna
f. í Sviðnum, 16. ágúst 1846
d. 1851
5. ára
Guðrún - 1847-1847



Þorbjörg
Flatøy
f. í Sviðnum 1849
d. 1929



Kristín
Hyringsstöðum o.v.
f. í Sviðnum 8. ág. 1850.
d. 1914



Jóhanna
Ytra-Skógarnesi Miklhr.
f. í Sviðnum 1851
d. 1917



Teitur
Veitingamaður
og gullsmiður
Seyðisfirði
f. 7. júlí 1853. d. 1892



Eyjólfur
bóndi í Sviðnum
f. 19. janúar 1855. d. 1918



Einar 1856-1856

Þorbjörg
Blámýri við Ísaf.djúp
f. 17. maí 1849. d. 1929
flytur frá Sviðnum 1880
að Laugabóli í Djúpi
Móðir: Guðríður Elnarsdóttir
frá Hvallátrum, vinnukona í Sviðnum.



Yfir Sviðnum öllum hvílir einhver forn þokki,
eitthvað yfirlætislaust og hlýtt sem minnir
á það besta og traustasta sem til var í
Íslenskum sveitum, en er nú óvilda að finna.
Sá forni þokki í Sviðnum - og margir hafa
fundið fyrir - á sér að hluta til skýringu í
ýmsum gömlum minjum mannabyggðar
sem þar blasa enn við þótt nú láti þær
óðum undan tímans tönn. Þar er einkum
að ræða grjóthleðslur og byggingar
Ólafs Teitssonar sem bjó þar hálfa
19ndu öldina. Sérstakt hagleiksverk þótti
útsýnisvarða sem um leið er þurrkhjallur, á
kletti er **Kastali** heitir við lendinguna í
Bæjarsundi. Stendir hún enn þar lítið höggud
og ætti að varðveitast. Reyndar væri við hæfi
að gera upp og varðveita býlið í heild sinni
sem sýnishorn af eyjabbyggðinni eins og
hún var. Þar er um að ræða auk útsýnis-
vörðunnar hús, vörslugarða, brunna og
lendinguna. Margt af þessu er ekki verr
farið en svo að hægt væri að endurbyggja
það í upprunalegri mynd.



Lendingin í Bæjarsundi í Sviðnum upp úr aldamótunum 1900



Magnús Einarsson
í Skáleyjum, faðir Kristínar
og bróðir Eyjólf



Eyjólfur Einarsson
í Svefneyjum, faðir Bjargar
og bróðir Magnúsar

Frænkur tvær – ólíkur uppvöxtur

**Kristín
Magnúsdóttir**

Bjarneyjum (1836–1924)

**Björg
Eyjólfsdóttir**

Sviðnum (1815–1899)



Kristín, amma Magðalenu Láru var kona lág vexti og nettfrið í æsku, en þjáðist af hvarmabólgu, varð því rauðeygð til lýta með aldri. Greind vel sem hún átti kyn til og nærfærinna við sjúka og sængurkonur. Hún giftist ekki. Kristín var skamma hríð með foreldrum sínum í Skáleyjum. Faðir hennar kvæntist aftur Steinunni Guðbrandssdóttir í Hvallátrum og flutti þangað. Steinunn varð þá vinnukona í Hergilsey hjá Snæbirni bónda þar Gíslasyni og þar ólst Kristín upp með henni í fyrstu. Síðar eftir að móðir hennar giftist og fluttist uppá Barðaströnd, fór hún til Sveinbjarnar bróður síns í Skáleyjum. Hún var svo vinnukona í Hergilsey 1855 og fór þaðan 1857 til Ísafjarðar 21árs gömul. Þar var hún í nokkur ár, sjálfrar sín, að því er virðist. Því húskona er hún þar kölluð á manntali 1860. Hún kom svo aftur til Sveinbjarnar í Skáleyjar og þar var hún 1870 þegar hún á Kristján. Á Ísafirði hafði hún átt tvo syni. Annar þeirra sá eldri Jón Octóvínus (faðir: Bjarni Bjarnason skipherri á Ísafirði) dó ungur en þann yngri Jóhann Valdimar (faðir: Guðmundur Þorkelsson úr Grunnavíkurbhr. lausamaður á Ísafirði) hafði hún með sér í Skáleyjar og ólst hann þar upp með henni. Hann dó þar stálpaður (32ára). Hún var í fyrstu vinnukona hjá Sveinbirni, en síðar húskona þar. Kristín fluttist síðar til Kristjáns sonar síns í Bjarneyjum og var hjá honum til dauðadags

Björg amma, Gísla Bergsveinssonar ólst upp hjá foreldrum sínum í Svefneyjum. Hún var fríð kona, sem hún átti kyn til, prúð og hæg, líktist þar móður sinni, en skörungur ef því var að skipta, leitaði þá ekki ávallt ráða bónda síns, ef hún hafði hugboð um að hann mundi verða á öndverðum meiði. Kunnugir þóttust vita að aldrei hefði verið verulega ástúðlegt milli þeirra fedga, Bergsveins og föður hans, einkum eftir að Bergsveinn fór að búa í Bjarneyjum. Upplag þeirra mun hafa verið allólíkt. Bergsveini brá um sumt meira í ætt Svefneyinga en gamla mannum þótti þörf á. En Bergsveinn var alla ævi augasteinn Bjargar móður sinnar. Hét og eftir móðurbróður hennar, er ungur fórst með sviplegum hætti nemandi í Bessastaðaskóla. Björg er sögð hafa verið lítil vexti, vel limuð og andlitsfríð, eins og fleiri Svefneyingar. Hógvær að skaplyndi, notaleg húsmóðir og öllum góð, en engin skörungur hversdagslega. Var þó örög að taka ákvarðanir ef svo bar undir og kom þá sínu fram



Bræður tveir

Eyjólfur „eyjajarl“ Einarsson, alþingismaður Svefneyjum (1784–1865)

Magnús Einarsson, Skáleyjum, barnsfaðir 5 kvenna (1795–1876)

Barnsmóðir af Hergilseyjarætt Steinunn Einarsdóttir (1813–1848)

Eyjólfur í Svefneyjum Langafi Gísla

Eyjólfur Einarsson 1784 -1865



Björge Eyjólfsdóttir 1815 – 1899



Bergsveinn Ólafsson 1839 - 1899



Gísli Bergsveinsson 1877 - 1939



Eyjólfur Einarsson

bóndi og alþingismaður í Svefneyjum

f. 1. ágúst 1784 í Svefneyjum – d. þar 27. okt. 1865



Eyjólfur faðir Bjargar ólst upp hjá foreldrum sínum Einari Sveinbjarnarsyni og s.k.h. Þorbjörgu Eyjólfsdóttur í Svefneyjum og tók við búi þeirra þar. Ef til vill hefur hann þó hafið búskap þar strax og hann kvæntist Guðrúnu Jóhannsdóttur prests í Árnesi, Strandasýslu, árið 1805. Eyjólfur bjó í Svefneyjum til dauðadags. Hann hafði ekki mikið bú, en farsælt og auðgaðist vel. Skipti mikið við sveitabændur á sjófangi og sauðfé, enda var hann athafnamikill og annálaður sjófaramaður og hóf fyrstur eyjamanna ferðir til Dritvíkur og formennsku þar. Svefneyjarheimilið var stærsta og mesta rausnarheimilið í eyjum um hans daga. Hann var hreppstjóri Flateyjarhrepps í þrjátíu og sex ár og í fyrstu stjórn Framfarastiptunarinnar. Hann var sæmdur Dannebrogssorðu árið 1835 og þingmaður Barðastrandasýslu var hann 1845–1849 og fyllti þar flokk Jóns Sigurðssonar, en beitt sér lítið á þingi, enda fundið að til þess skorti hann menntun, en hafði vit til þess að varpa ekki skugga á virðingu sína.

Eyjólfur var frekar meðalmaður á hæð, þrekvaxinn og gildur að kröftum, smástígur, en þóttablandinn gerðarþokki í höfuðburði og öllu fasi. Hárið þykkt og mikið, féll í lokkum, liðaðist og fór vel, dökkt í æsku en snjóhvítt á efri árum. Ennið hátt og slétt, brúnirnar miklar og loðnar, augnabragðið fast og ákveðið, nefið lítið, beint og fagurmyndað. Varirnar þunnar, samherptar og festulegar. Hendur og fætur í smærra lagi, en útlímasver. Stórbrotinn í skapi og ráðríkur, svo ekki þoldi hann nokkra andstöðu, ef vel átti að fara. Síðustu árin var hann blindur.

Matthías Jochumsson lýsir Eyjólfvi svo í grein, sem birtist í Þjóðólfi 1898: Eyjólfur í Svefneyjum var þá (1850) einn mestur bóndi á Breiðarfirði, meðalmaður, þykkur, svipstór og geðslegur, harður nokkuð í skapi, stjórnsamur og fæddur forráðamaður. Þess óskaði gamli Gram, að allir Íslendingar kynnu að skipa eins og Eyjólfur, því þá kynnu þeir betur að hlýða. Eyjólfur var steinblindur síðustu árin og lét þá daglega leiða sig um hífýli sín og skipastól, þreifaði á öllu og sagði fyrir. Var honum jafnan hlýtt.



Börn Guðrúnar og Eyjólf's

Guðrún Jóhannsdóttir húsfreyja í Svegneyjum er fædd 1785 í Árnesi - d. 1867 í Svegneyjum



Þórður
1806-1871
bóndi í Hamralandi
Reykholasveit




Þorbjörg
1807-1854
húsfreyja í
Fremri-Langey




Bergsveinn
1811-1836
skipasmiður í Flatey



Björg
1815 -1899
húsfreyja í Sviðnum



Sveinbjörn
1817 -.1882
prestur í Árnesi Strandasýslu



Jóhann
1819 - 1900
bóndi og
hreppstjóri í Flatey



Jón
1820-1879
bóndi og silfursmiður
á Ökrum
á Mýrum



Haflíði
1822-1894
bóndi og dannebrogsmaður
í Svegneyjum
f.1822 d.1894



Kristján
1824-1847
sjómaður Flatey
Sigríður 1826-1826



Kristrún
1838 - 1922
húsfreyja Bjarneyjum
Móðir: Sigríður Jónsdóttir
vinnukona í Svegneyjum

Magnús í Skáleyjum, bróðir „eyjajarlsins“

Barnsfaðir fimm kvenna · Langafi Magðalenu

Magnús Einarsson 1795 – 1876



Kristín Magnúsdóttir 1836 – 1924



Kristján Sveinsson 1870 – 1960



Magðalena Lára Kristjánsdóttir 1897 – 2001



Hann var í hærra lagi vexti og svaraði sér vel. Höfuðstór, nokkuð toginleitur, með ávalar kinnar. Ennið hátt og mikið, brúnabein stór, bogadregin og loðnar brúnir. Kinnbein lágu hátt. Augun hvöss og harðleg. Nefið ekki hátt, liður á því og nokkuð niðurbjúgt. Hakan stór og löng en hulin skeggi. Hárið ljósgult í æsku og mikið, varð snemma silfurhvítt og afturkembt. Bar oft skarband. Skeggið vel hirt og sítt svo að það lá á hjám hans þegar hann sat, en klippt svo að það breiddist ekki mikið út um bringuna, bar það venjulega innanklæða. Við hátíðleg tækifæri, kirkjugöngur og húslestra greiddi hann hár sitt niður. Strangur og kaldur virðuleiki stafaði frá honum. Trúmaður var hann og trúfastur, svo að hélt við öfga. Hann var vínmaður og var kaldur og stríðinn úr hófi fram með víni. Kom það einkum fram við Eyjólf bróðir hans. Gerði hann sér þá oft ferð út í Svefneyjar, einungis í þeim tilgangi að að erta Eyjólf. Var þá á engra færi að stilla ofsa Eyjólfs og ertni Magnúsar, nema Katrínar systur þeirra, en hún var þeim bræðrum mjög kær.

Magnús varð strax atkvæðabóndi, sinnti eingöngu búi sínu en sótti ekki til sjávarfanga. Hafði þó vinnumenn í veri. Hann var búhöldur góður og gætti fjár síns vel, vel viti borinn og greindur, las mikið og því fróður og þótti í þeim efnum bera langt af Eyjólfi bróður sínum í Svefneyjum. Hann skrifaði nokkrar greinar á vegum Bréflega félagsins og á elliárum reit hann nokkra bæklinga gegn Magnúsi Eiríkssyni um trúmál.

Magnús Einarsson

bóndi í Skáleyjum

f. í Svefneyjum 15. sept. 1795 d. í Skáleyjum 4. júlí 1876





Margrét Pálsdóttir
1793-1863
dóttir
meðhjálparans
í Flatey



Sigríður Einarsdóttir
1795 - 1834
fyrri kona Magnúsar



Steinunn Einarsdóttir
1813 - 1848
ráðskona, húsfreyja
í Fæti. Hagasókn
Barð.



Steinunn
Guðbrandsdóttir
seinni kona Magnúsar
var í Bjarneyjum



Guðrún Andrésdóttir
ráðskona Magnúsar
1832 - 1902

Börn Magnúsar í Skáleyjum



Guðrún
1820 -1862
Móðir:
Margrét Pálsdóttir



Sveinjörn
1821 -1899
bóndi og hreppstjóri
í Skáleyjum
M: Sigr. Einarsdóttir



Ástríður
1822 -1858
M: Sigr. Einarsdóttir



Einar, „eldri“
1823 -1901
M: Sigr. Einarsdóttir



Andrés
1827 -1829
M: Sigr. Einarsdóttir



Þorbjörg
1829 -1869
M: Sigr. Einarsdóttir

Þorbjörg
1825 -1826
M: Sigr. Einarsdóttir

Sigríður
1826 - 1826
M: Sigr. Einarsdóttir



Einar „yngri“ Vestfjörð
1830 -1911
fluttist til
Bandaríkjanna
M: Sigr. Einarsdóttir



Eggert Vatnsdal
1832 - 1916
Skiptstjóri í Flatey,
fluttist til
Bandaríkjanna 1886
M: Sigr. Einarsdóttir



Sigríður „stórnáða“
1833 -1919
ráðskona í
Möðrudal o.v.
M: Sigr. Einarsdóttir



Kristín
1836 -1924
húskona í Skáleyjum
húskona á Ísafirði
(1860)
Móðir Kristjáns Sveinssonar
M: Steinunn Einarsd.



Jóhannes
1839 -1905
M: Steinunn
Guðbrandsd.



Jólina María
1865 -1920
M: Guðrún Andrésdóttir

Héraðshöfðingi við Ísafjarðardjúp

Kristín Guðbrandsdóttir (1574-1652) Ari í Ögri Magnússon, sýslumaður, (1571-1652)



Jón Arason 1606 - 1673

Magnús „digri“ Jónsson 1637 - 1702

Kristín Magnúsdóttir 1672 - 1712

Halldóra Snæbjörnsdóttir 1710 - 1766

Jóhann Bergsveinsson 1753 - 1822

Guðrún Jóhannsdóttir 1786 - 1867

Björg Eyjólfsdóttir 1815 - 1899

Bergsveinn Ólafsson 1839 - 1899

Gísli Bergsveinsson 1877 - 1939

Aðlaður af Kristjáni I

Björn Þorleifsson, hirðsstjóri og riddari á Skarði á Skarðsströnd (1408-1467)

Þorleifur Björnsson 1430 - 1486

Björn Þorleifsson 1480 - 1548

Jón Björnsson 1520 - 1600

Árni Jónsson 1560 - 1655

Sveinbjörn Árnason 1610 - 1681

Gísli Sveinbjörnsson 1650 - 1703

Sveinbjörn Gíslason 1694 - 1762

Einar „yngri“ Sveinbjarnarson 1727 - 1814

Eyjólfur Einarsson 1784 - 1865

Björg Eyjólfsdóttir 1815 - 1899

Bergsveinn Ólafsson 1839 - 1899

Gísli Bergsveinsson 1877 - 1939



Frumkvöðull prentunar á Íslandi

Guðbrandur Þorláksson (1541 - 1627)



Kristín Guðbrandsdóttir 1574 - 1652

Jón Arason 1606 - 1673

Magnús „digri“ Jónsson 1637 - 1702

Kristín Magnúsdóttir 1672 - 1712

Halldóra Snæbjörnsdóttir 1710 - 1766

Jóhann Bergsveinsson 1753 - 1822

Guðrún Jóhannsdóttir 1786 - 1867

Björg Eyjólfsdóttir 1815 - 1899

Bergsveinn Ólafsson 1839 - 1899

Gísli Bergsveinsson 1877 - 1939



Sagnaritari í Fagurey

Sturla Þórðarson

Lögmaður yfir öllu Íslandi og sagnaritari
Bróðursonur Snorra Sturlusonar í Reykholti
Bjó í friði í Fagurey síðustu 10 ár ævinnar.
Er talinn hafa ritað:

Íslendingasögu (lengsta bók Sturlungu)
Hákonar sögu Hákonarsonar (Hákon IV) 1204-63
Magnúsar saga lagabætis Hákonarsonar 1238-80
Járnsíðu, lögbók Íslendinga, lögtekin 1271
og hugsanlega Sturlubók sem er eftirskrift
af Landnámu o.fl.



Sturla Þórðarson	1214 - 1284
Snorri Sturluson	1244 - 1306
Sturla Snorrason	1270 - 1332
Þórður „kollur“ Sturluson	1315
Sigurður Þórðarson	1330
Þórdís Sigurðardóttir	1360
Guðni Oddsson	1380 - 1431
Kristín Guðnadóttir	1410 - 1490
Ormur Jónsson	1450 - 1505
Kristín Ormsdóttir	1482 - 1554
Jón Erlingsson	1520 - 1563
Ólafur Jónsson	1560 - 1627
Páll Ólafsson	1600 - 1656
Kristín „yngri“ Pálsdóttir	1655 - 1696
Sigurður Þorleifsson	1685
Jón Sigurðsson	1729 - 1781
Margrét Jónsdóttir	1760
Karitas Þorgilsdóttir	1788 - 1862
Ólafur Teitsson	1810 - 1892
Bergsveinn Ólafsson	1839 - 1899
Gísli Bergsveinsson	1877 - 1939

